

Reykjavík 30. nóv. 2005

## **Menntamálanefnd Alþingis**

Um frumvarp til laga um **breytingu á höfundalögum**, nr. 73/1972, með síðari breytingum. (Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.) 222. mál

Með tilvísun til fundar okkar þann 23. nóv. s.l. sendum við í **höfundarréttarhóp Upplýsingar** hér með áréttun á tillögum okkar í stytta formi. Við teljum okkur ekki þess umkomin að fella þær með réttu orðalagi inn í frumvarpið en treystum því að nefndarmenn jafnt sem ráðuneytisfólk skoði þessar hugmyndir okkar með opnum huga og finni til þess leiðir ef hljómgrunnur reynist fyrir tilteknum breytingum.

### 2. gr.

Aths: Við leggjum til að **eintakagerð í atvinnuskyni** verði gerð möguleg, samkvæmt ákveðnum reglum, til sjálfstæðra rannsókna og ef viðkomandi er sjónskertur, lesblindur eða á annan hátt fatlaður með tilliti til lesturs.

-----

### 3. gr.

#### 1. málsg. r.

Aths.: Við tökum undir það sjónarmið sem fram kemur í athugasemdum við þessa grein frumvarpsins að mjög brýnt er að **reglugerð** sú, sem gert hefur verið ráð fyrir í 12. grein núgildandi laga, verði sett hið fyrsta. Við teljum ógerlegt fyrir söfnin að fara að höfundalögum, þar til það hefur verið gert.

#### 2. málsg. r.

Aths. og breytingartillögur: Í athugasemdum við 3. gr. kemur fram að samkvæmt 40. skýringargrein tilskipunarinnar megi **undanþága** til eintakagerðar á bókasöfnum **ekki taka til rafrænnar miðlunar verndaðra verka**. Við bentum því í umsögninni á ýmis tilvik rafrænnar miðlunar sem eru nauðsynleg á bókasöfnum og þarf annaðhvort að vera hægt að semja um eða gera undantekningu um. Ákvæði um nytjaleyfissamninga eru ekki í frumvarpinu en eru nefndir í athugasemdum.

Í fylgiskjali II við frumvarpið kemur einnig fram að ekki hafi þótt ástæða til að taka upp valfrjálsa undantekningu í N-lið 3. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar, "varðandi **miðlun verka** eða annars efnis í söfnum til almennings eða að þau verði gerð aðgengileg almenningi, til fræðistarfa eða einkarannsókna, **með þar til gerðum endabúnaði á athafnasvæði stofnananna**, enda falli verkin og efnið ekki undir kaup eða nytjaleyfisskilmála."

Við teljum mjög mikilvægt að **þetta ákvæði verði tekið upp í 3. grein frumvarpsins**. Það er einstaklega mikilvægt að nútíma bóka- og skjalasöfn hafi möguleika á, með

endabúnaði, að miðla safnefni til notenda innan veggja safns, t.d. stafrænt af netþjóni. Þetta getur átt við ef hlífa þarf frumeintökum eða ef um óútgefin hljóðrit eða annað sérhæft efni er að ræða sem söfnin vilja að notendur hafi aðgang að innan sinna veggja, til fræðistarfa og rannsókna.

Við leggjum einnig til að bætt verði við 3. gr. ákvæði um að **heimilt sé að gera nytjaleyfissamninga um miðlun safnefnis út fyrir stofnun**, ef þess gerist þörf til að slíkt verði unnt.

-----  
6. gr.

2. málsg. r.

Aths.: Við fögnum því, að ekki er lengur gert upp á milli tónverka og prentaðra verka hvað varðar útlánsrétt en gerum athugasemd við **skerðingu á leigurétti** sem nú mun gilda fyrir **öll safngögn**.

3. málsg. r.

Aths. og breytingatillögur: Við hörmum að ákvæði 2. málsgreinar taka ekki til kvikmyndaverka í stafrænu formi og leggjum til að undantekning verði gerð fyrir bókasöfnin, a.m.k. varðandi útlánsrétt á sígildum kvikmyndverkum og fræðsluefni. Að því undanskildu bendum við á að kvikmyndaverk geta verið hluti af bókmenntaverki alveg eins og tölvuforrit og leggjum þá til að 2. málsg. 3. mgr. verði breytt þannig: *Þetta gildir þó ekki þegar eintak af kvikmyndaverki eða tölvuforriti í stafrænu formi er hiuti af bókmenntaverki og er lánað með því.*

Við teljum æskilegt að **auðvelda greiðslur til höfunda** vegna þessa með sanngjörnum hætti. Þetta kann að vera flókið í framkvæmd en ef til vill mætti líta til hugsanlegrar útvíkkunar á Bókasafnssjóði höfunda í þessu sambandi. Eins gætu ásættanlegar lausnir fundist í tilskipun 92/100 EBE sem fjallar um útlánsrétt og leigurétt.

-----  
12. gr. b. og c.

Aths. og breytingartillaga: Það ætti skilyrðislaust að **afhenda skylduskilaefni án tæknilegra aðgangshindrana**. Sama gildir um ritað mál sem nauðsynlegt er að sjónskertir og aðrir notendur **Blindrabókasafns Íslands** fái aðgang að án tafar.

Við leggjum til að bætt verði við ákvæði í 12. gr. c. um tafarlausan aðgang fyrrnefndra safna og aðila framhjá tæknilegum aðgangshindrunum.

Virðingarfyllst,

**Starfshópur um höfundarétt á vegum Upplýsingar, félags bókasafns- og upplýsingafræða**

Ólöf Benediktsdóttir, Stofnun Árna Magnússonar, tilnefnd af Upplýsingu

Áslaug Agnarsdóttir, Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni, tilnefnd af Lbs-Hbs

Sigurður J. Vigfússon, Borgarbókasafni, tilnefndur af Samtökum forstöðumanna í almenningubókasöfnum

Þórhildur S. Sigurðardóttir, Menntasmiðju Kennaraháskóla Íslands, tilnefnd af háskólabókasöfnum

Þórunn Snorrardóttir, Fjölbrotaskólanum í Breiðholti, tilnefnd af bókasöfnum í framhaldsskólum.